

EYD-212

Heiti: <b>Gamlar syndir</b>	Númer: <b>20</b>	Flokkun: <b>B</b>	Dagsetning: <b>23.11.2007</b>
-----------------------------	------------------	-------------------	-------------------------------

#### Lýsing á umhverfisþætti:

Umhverfisþátturinn á við umhverfisáhrif sem tengjast eldri framkvæmdum Landsvirkjunar og á þá helst við gamla urðunarstaði fyrir úrgang, röskun landssvæðis við aflstöðvar Landsvirkjunar, notkun á skordýraeitrunu DDT, olíutunnur og úrgang sem skilin hefur verið eftir á jöklum og á hálandinu.

Gamlir urðunarstaðir: Um er að ræða urðun úrgangs (m.a. blandað sorp, timbur, málmar, aska frá sorpbrennslu, bílar, heimilistæki, PVC plast og annað plast, steypa og e.t.v. seyra frá rotþróm og rafgeymar) við aflstöðvar Landsvirkjunar. Smærri urðunarstaði er einnig að finna á gömlum rannsóknarsvæðum, en þessir staðir hafa ekki verið staðsettir og skráðir.

Röskun lands: Um er að ræða röskuð svæði vegna efnistöku og athafnasvæði á undirbúnings- og framkvæmdartíma virkjanasvæðanna.

Notkun DDT: Um er að ræða DDT sem er í jarðvegi á bökkum Sogsins við Kaldárhöfða við Steingrímsstöð. Skordýraeitrunin var dreift á svæðinu á árunum 1957-1959 til þess að ágang bitmýs.

#### Umhverfisáhrif:

Gamlir urðunarstaðir: Við urðun brotnar lífrænn hluti úrgangsins niður og myndar CH<sub>4</sub> sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Lífræni hlutinn brotnar misfljótt niður; pappír, pappi og matarleifar á tugum ára, en plastefni á etv. meira en 100 árum. Sigvatn rennur frá urðunarstöðunum/sorphaugunum og ræðst samsetning sigvatnsins af þeim úrgangi sem þar hefur verið urðaður. Sigvatnið getur því innihaldið þungmálma, næringarsölt og ýmis lífræn efni. Útskolun sigvatns til jarðvegs eða nærliggjandi vatnsbóla getur valdið eituráhrifum á vistkerfi. Ef illa er gengið frá sorphaugum getur fokið ofan af þeim yfirborðslag og úrgangur getur fokið.

Röskun lands: Ófullfrágengnar námur, rannsóknargryfjur og önnur ófrágengin röskun á landi hefur sjónræn áhrif auk þess sem raskað land getur aukið möguleika á jarðvegseyðingu.

Notkun DDT: Efnið eyðist ekki í náttúrunni og er eitrad bæði fyrir skordýr, fiska og önnur vatnadýr. Efnið safnast upp í lífríkinu, fer inn í fituvef fugla, breytir kalsíumbúskap þeirra og veldur því að egg eyðileggjast. DDT veldur neikvæðum áhrifum á taugakerfið, truflun á frjósemi og er krabbameinsvaldandi. Rannsóknir hafa verið gerðar á DDT við Sogið og mældist það bæði í grasi og jarðvegi (í grasi: 2 µg/kg TS af DDT og afleiðu þess DDE í 4 sýnum og í jarðvegi: <1-7 µg/kg TS DDT og <1-10 µg/kg TS DDE og <1-<2 µg/kg TS DDD í 4 sýnum).

#### Umhverfisáhætta:

Gamlir urðunarstaðir: Engin sérstök nema ef urðunarstað er raskað við t.d. framkvæmdir.

Röskun lands: Engin sérstök áhætta.

Notkun DDT: Lífríki og þ.m.t. mönnum getur stafað hættu af DDT ef ekki er þekkt hvar og hversu mikil mengunin er.

#### Fyrirbyggjandi stýring:

Fyrirbyggjandi stýring felst í vitneskju innan Landsvirkjunar um staðsetningu þeirra svæða sem um ræðir. Hvert aflstöðvasvæði O og rannsóknardeild VF hafa yfirlit yfir gamla urðunarstaði sem tengjast starfsemi þeirra. Kortlagning á staðsetningu svæðanna er mikilvæg upplýsing ef síðar verður ráðist í

framkvæmdir á þessum svæðum.

**Vöktun:**

Gamlir urðunarstaðir eru vaktaðir og hreinsaðir ef þörf er á.

**Ástæða flokkunar:**

Þátturinn flokkast sem B þáttur þar sem hér er um gamlar syndir að ræða sem valda ekki viðvarandi viðbótar umhverfisáhrifum.

Einnig þjóðarmarkmið um að draga úr mengun í ám og vötnum og að tryggja líffræðilega fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi.